



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORVARNARDAGURINN 2023: ÁHERSLA Á VELLÍÐAN BARNNA OG UNGMENNA

Forvarnardagurinn 2023 verður á morgun, miðvikudaginn 4. október. Af því tilefni efnir landlæknisembættið til málstofu um áherslumál dagsins þar sem sjónum er beint að hagsmunum unglinga í 9. bekk grunnskóla og á fyrsta ári í framhaldsskóla. Þar taka til máls, auk forseta Íslands, Alma Möller landlæknir, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Planet Youth og starfsfólk og nemendur úr Borgarholtsskóla.

Embætti landlæknis hefur sett upp sérstaka vefsíðu í tengslum við Forvarnardaginn, <https://www.forvarnardagur.is/>, og þar er hægt að tengjast streymi frá fundinum sem skólafólk, foreldrar og aðrir geta nýtt sér. Einnig er þar að finna gagnlegt efni um forvarnir og vellíðan ungmenna og má geta þess að verkefni Forvarnardagsins hafa frá upphafi verið byggð á rannsóknum.

Í ljós hefur komið að áhersla á íþróttir og annað skipulagt frístundastarf kemur að góðu gagni í baráttu gegn vímuefnum; samvera með fjölskyldu hefur líka gildi og því seinna sem fólk byrjar að nota áfengi eða tóbak, þeim mun sterkari líkur eru á að það komist hjá vímuefnavanda.

Embætti landlæknis fer með verkefnastjórn Forvarnardagsins og samstarfsaðilar eru embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Rannsóknir og greining, Planet Youth, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Samfés, Samband íslenskra sveitarfélaga,

Samstarf félagasamtaka í forvörnum, Bandalag íslenskra skáta og Heimili og skóli.

Málþing Forvarnardagsins

Staður: Borgarholtsskóli, Mosavegi, 112 Reykjavík.

Stund: Miðvikudagur 4. október, kl. 10:30.

3. október 2023

Nánari upplýsingar veita Margrét Lilja Guðmundsdóttir, þekkingarstjóri hjá Planet Youth, (851 1110), Ingibjörg Guðmundsdóttir hjá embætti landlæknis (848 0254), Inga Berg Gísladóttir hjá embætti landlæknis (865 5824) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).